# Stjörnukort fyrir Ísland

Janúar 2018

## Helst á himni

Bjarta stjarnan á morgunhimninum, rétt fyrir sólarupprás, er Júpíter.

**2.** NÓTT Fyrsta og nálægasta fulla tungl ársins („ofurmáni“).

**3.** KVÖLD Loftsteinadrífan Kvaðrantítar í hámarki, fullt tungl spillir mjög fyrir.

**3.** DAGUR Jörð næst sólu.

**4.** NÓTT Tunglið nálægt Regúlusi, björtustu stjörnu Ljónsins.

**11.** MORGUN Júpíter og Mars rétt fyrir neðan minnkandi sigðarlaga tungl.

**27.** KVÖLD Tunglið skammt frá Aldebaran í Nautinu.

## Að nota kortið

Skífan sýnir himininn eins og hann birtist okkur milli 22 og 00 í janúar. Haltu kortinu uppréttu fyrir framan þig. Stjörnumerkin á miðju kortinu eru hæst á lofti (beint fyrir ofan þig). Ef þú horfir í suður skaltu snúa kortinu þannig að suðurhluti kortsins snúi að þér. Notaðu bjartar stjörnur og mynstur til að hjálpa þér að átta þig á himninum.

### Hvenær nýtist kortið best?

1. janúar kl. 00:00

15. janúar kl. 23:00

31. janúar kl. 22:00

## Tunglið í janúar 2018

| Fullt tungl | Síðasta kvartil | Nýtt tungl | Fyrsta kvartil | Fullt tungl |
|---|---|---|---|---|
| 2. jan. | 8. jan. | 17. jan. | 24. jan. | 31. jan. |
| kl. 02:24 | kl. 22:25 | kl. 02:17 | kl. 22:20 | kl. 13:27 |

Stjörnufræðivefurinn




Vetrarbraut

Vetrarbrautarslæðan

Hringþoka

Geimþoka

Stjörnuþyrping / Kúluþyrping